



Íslensk þjóðernishyggja
Áhrif þjóðernishyggju á nútímaríkið

Sædís Alda Karlsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Íslensk þjóðernishyggja
Áhrif þjóðernishyggju á nútímaríkið

Sædís Alda Karlsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Leiðbeinandi: Birgir Hermannsson

Stjórnmálafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2011

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi réttshafa.

© Sædís Alda Karlsdóttir 2011

Reykjavík, Ísland 2011

Formáli

Þessi ritgerð er lokaverkefni mitt til BA-prófs við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands. Ritgerðin er metin til 12 eininga. Birgir Hermannsson var leiðbeinandi minn við skrif þessarar ritgerðar og vil ég þakka honum kærlega fyrir aðstoðina. Einnig vil ég þakka þeim aðilum sem komu að því að aðstoða mig við vinnslu ritgerðarinnar og gáfu sér tíma til að lesa yfir hana.

Útdráttur

Í ritgerðinni er fjallað um íslenska þjóðernishyggju og þróun hennar og áhrif á nútímaríkið. Tilgangur ritgerðarinnar er að reyna að komast að því hvað það er sem stýrir þjóðernishugsunum Íslendinga. Eru stjórnarþættir og áhrif nútímaríkisins svo mikil að þau stjórna hugsunum okkar og skoðunum og mynda þannig þjóðernishyggju á skynsemisrökum? Eða er rætur þjóðernishyggju að finna í dýpri þáttum svo sem tilfinningum, hugsunum og í sögunni sem þróast hefur með þjóðinni í gegnum aldirnar?

Í upphafi ritgerðarinnar er fræðilegur kafli þar sem kenning móðerníska kenningasmiðsins Ernest Gellners um þjóðernishyggju er útskýrð. Greint er frá þeim hugsjónum móðernista um að þjóðernishyggja hafi myndast í nútímaríkjum. Samkvæmt móðernistum höfðu þau samfélög sem uppi voru fyrir tíma nútímaríkisins ekki það stjórnskipulag og þær forsendur til staðar sem að þeirra mati þurfi til að þjóðernishyggja myndist. Gellner vill meina að nútímaríkið hafi það vald sem til þarf til að mynda þá samkennd sem einkennir þjóðernishyggju þjóða. Einnig er greint frá öðrum kenningum m.a. kenningu Anthony D. Smith um þjóðernishyggju og gagnrýni hans á Gellner þar sem Smith heldur því fram að þjóðernishyggja myndist út frá dýpri og tilfinningalegri þáttum. Saga Íslands er rakin með kenningar Gellners til hliðsjónar þar sem henni er skipt niður í þrjú tímabil (tímarof) sem Gellner vill meina að séu megin tímabil í þróun samfélaga. Litið er til tíma landnámsmanna, bændasamfélagsins og loks til sjálfstæðisbaráttunnar þar sem þróun þjóðernishugsana er skoðuð. Að lokum er fjallað um Ísland í dag og rædd eru áhrif þjóðernishugmynda, sem mótast hafa í gegnum tíðina, á stefnu Íslendinga og skoðanir þeirra gagnvart þátttöku landsins í alþjóðasamfélaginu.

Helstu niðurstöður eru þær að kenning Gellners eigi ekki við þegar hún er sett í samhengi við íslenska samfélagsþróun. Nútímaríkið tók að myndast í kjölfar sjálfstæðis landsins. Þrátt fyrir að með tilkomu nútímaríkisins hafi eðli þjóðernishyggju hér á landi breyst til muna höfðu þjóðernishugmyndir Íslendinga myndast löngu fyrir þann tíma. Sagan og sameiginlegar tilfinningar á meðal þjóðarinnar m.a. varðandi varðveislu á fullveldi þjóðarinnar spila þar stórt hlutverk.

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	7
2. Kenningar um þjóðernishyggju	8
2.1 Móðernískar kenningar Ernest Gellner.....	9
2.2 Þrískipting samfélagslegrar þróunar	11
2.3 Skilgreiningar á ríki og þjóð	14
2.3.1 Ríki.....	14
2.3.2 Þjóð	15
2.4 Aðrar kenningar	16
2.5 Umræða.....	18
3. Saga og uppspretta íslenskrar þjóðernishyggju	19
3.1 Söguleg goðsögn.....	19
3.2 Hið íslenska bændasamfélag.....	21
3.3 Sjálfstæðisbaráttan og iðnbyltingin.....	23
3.4 Umræða.....	27
4. Þjóðernishyggja í íslensku nútímasamfélagi	27
4.1 Varðveiting fullveldisins.....	28
4.2 Ísland og Evrópusamruninn	30
4.3 Umræða.....	31
5. Niðurstöður.....	32
Heimildaskrá.....	36

1. Inngangur

Íslendingar hafa lengi velt fyrir sér varðveislu fullveldisins og hvort hag landsins sé betur borgið innan alþjóðastofnana. Á liðnum árum hefur ýmislegt orðið til að næra þessa umræðu og má segja að í umræðunni megi glögglega sjá áhrif þjóðernishyggju á afstöðu fólks til þessara mála.

Markmið þessarar ritgerðar er að skoða íslenska þjóðernishyggju og hvernig hún hefur þróast í gegnum tíðina. Skoðað verður hvernig hún hefur verið áhrifavaldur á íslenskt þjóðfélag, þróun samfélagsins og pólitíska stefnumótun nútímaríkisins.

Í upphafi ritgerðar verða kenningar um þjóðernishyggju skoðaðar. Aðallega verður horft til módernískra kenninga um þjóðernishyggju þar sem áhersla verður lögð á að gera grein fyrir hugmyndum fræðimannsins Ernest Gellner í þeim efnum. Einnig verður stuttlega litið til annarra kenninga um þjóðernishyggju og helstu gagnrýni Anthony D. Smith á kenningar Gellners skoðaðar.

Í kjölfarið er litið til íslenskrar þjóðernishyggju og þróun hennar borin saman við það þróunarmynstur þjóða sem kenningar Gellners um þjóðernishyggju gera ráð fyrir. Skoðað er hversu vel Ísland fellur inn í framsetningu Gellners í kenningu sinni um tímarof þjóða og myndun þjóðernishyggju í nútímaríkinu. Tekið verður mið af þeim þremur megin tímabilum eða tímarofum sem Gellner setur fram um þróun þjóða í mannkynssögunni og verður saga Íslands og þjóðernishugmyndir íslensks samfélags skoðaðar út frá þeim. Fyrst verður litið til uppruna Íslendinga og gullaldarinnar. Í framhaldi af því verður fjallað um hið sérstaka íslenska bændasamfélag sem ríkti hér á landi fram að tímum nútímavæðingar þjóðarinnar. Auk þess verður komið inn á sjálfstæðisbaráttuna og leið Íslands inn í iðnbyltinguna.

Að lokum verður litið til íslenskrar þjóðernishyggju nú til dags og áhrif hennar á stefnumótun nútímaríkisins skoðuð út frá þjóðernishyggju hugmyndum. Þar verður litið til þess hvernig tengsl Íslands við alþjóðastofnanir hafa verið með tilliti til varðveitingar Íslendinga á fullveldinu og skoðuð verða þrætumál sem uppi hafa verið í samfélaginu í þeim efnum sem tengja má við þjóðernishyggju hugmyndir sem hafa skapast hér á landi í gegnum tíðina. Enn verða kenningar Gellners hafðar í fyrirrúmi þar sem tilurð nútímaríkisins er rædd og áhrif þjóðernishyggju á eðli nútíma stjórnarforma á Íslandi er metin. Hvað er það sem stýrir þjóðernishugsunum Íslendinga? Eru stjórnarþættir og áhrif nútímaríkisins svo mikil að þau stjórna hugsunum okkar og skoðunum og mynda þannig þjóðernishyggju á skynsemisrökum? Eða er rætur þjóðernishyggju að finna í dýpri þáttum svo sem tilfinningum, hugsunum og í sögunni sem þróast hafa með þjóðinni í gegnum aldanna rás?

2. Kenningar um þjóðernishyggju

Þjóðernishyggja er gjarnan útskýrð sem ákveðinn félagslegur eiginleiki eða tengsl sem myndast innan þjóða þegar ákveðnar forsendur hafa myndast í þróun þjóðfélagsins. Talið er að sérstakar forsendur þurfi að vera til staðar svo þjóðernishyggja verði til. Eins og gengur og gerist í hinum fræðilega heimi félagsvísindanna eru þó misjafnar hugmyndir og kenningar sem hafa komið upp í gegnum tíðina um þjóðernishyggju. Í mörgum nýlegum fræðiritum um sögu og uppruna þjóðernis takast yfirleitt á tvö mismunandi sjónarmið. Fyrst og fremst greinir þau á um ólík viðhorf sem höfð eru til uppruna þjóðernisvitundar. Fyrri kenningin eða viðhorfið sem ber að nefna er „ethnismi“. Þeir sem aðhyllast þetta viðhorf líta á þjóðernisvitund sem afleiðingu samtengdrar sögu og þróunar menningarsamfélaga í gegnum aldirnar og því megi rekja uppruna þjóðernisvitundar mun lengra aftur í tímann en við upphaf nútímaríkisins. Nánar verður fjallað um þessa hugmyndafræði í umfjöllun um kenningar Anthony D. Smith hér að neðan. Hin kenningin hefur verið nefnd „móðernismi“.¹ Móðernískar kenningar eru dæmi um hugmyndafræði sem hefur verið ríkjandi í umræðu um þjóðernishyggju undanfarna áratugi. Á meðal svokallaðra móðernista er aðalfullyrðingin sú að þjóðernishyggja, þjóðríki og þjóðirnar sjálfar séu afleiðingar sögulegrar nútímaþróunar (e. modern historical development). Móðernistar lýsa sögu mannkynsins og þróun þess skref fyrir skref. Þeir rekja langtíma áhrif efnahagslegra, menningarlegra og pólitískra þátta í stigvaxandi uppkomu þjóða og halda því fram að þjóðernishyggja þrífist aðeins í þeirri stjórnskipan sem finna má í nútímaríkjum.²

Þegar kemur að hugmyndinni um nútímaríkið ber að nefna tvo móðerníska kenningarmiði, þá Giddens og Mann. Að mati Giddens eru þjóðir og þjóðernishyggja eiginleikar sem mynduðust í nútímaríkjum og eru því tiltölulega ný fyrirbæri. Hann greinir nútímasamfélög frá þeirri hefðbundnu þjóðfélagsskipan sem á undan gekk. Giddens segir helsta mismuninn á þessum ólíku samfélagsgerðum vera eðli stéttakerfa þeirra. Áður fyrir skiptust hin hefðbundnu samfélög í stéttir að hans mati vegna þess að þau voru mikið upp á pólitíska þvingun komin. Þeir sem höfðu völdin sáu til þess að ójöfnuður viðhélldist í efnahagsmálum á milli stétta.³

¹ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið. Uppruni og endimörk* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag: Reykjavíkú Akadémían, 2001), 26.

² Graham Day og Andrew Thomson, *Theorizing nationalism*, 41.

³ Graham Day og Andrew Thomson, *Theorizing nationalism*, 54-58.

Hugmyndasmiðurinn og móðernistinn Mann lítur einnig á þjóðernishyggju sem ósjálfráða þróun í kjölfar stjórnarháttanna nútímaríkisins. Hann leggur áherslu á þau áhrif sem pólitískt og hernaðarlegt vald, sem ríkið beitir, getur haft á mótun hugsana fólks. Nútímaríkið sér m.a. um skipun mennta-, efnahags- og heilbrigðiskerfisins. Það býður upp á þær kringumstæður að yfirvöld geti myndað einhæfa hugmyndafræði meðal margra ólíkra einstaklinga. Sem dæmi um það eru þau áhrif sem ríkið getur haft með skipulagningu námskráar í landinu. Undir þessum kringumstæðum er heildarhugmyndin um þjóð; allir þeir sem deila sameiginlegum eiginleikum og örlögum. Sem meðlimur í þjóð býr einstaklingurinn yfir réttindum og skuldbindingum. Þjóðernishyggja er því hugmyndafræði sem hefur í sér undirliggjandi lýðræðislega hugmynd þar sem allir þeir sem tilheyra þjóð hafa sitt hlutverk.⁴

Í grófum dráttum eru sameiginleg einkenni móðernista þau að þeir hafna því að þjóðerni sé gamalt fyrirbæri og að það sé mannum eðlislægt að skipta sér upp í ákveðin þjóðerni. Þjóðerni og þjóðernishyggja hafi ekki haft forsendur til að myndast fyrir tilvist nútímaríkisins og þeirra rótgrónu samfélagsbreytinga sem áttu sér stað í kjölfar þess með aukinni iðnvæðingu og lýðræðisþróun. Móðernistum finnst tilgangslaust að leita til sögu- og menningalegra þátta til að leita uppruna þjóða.⁵

2.1 Móðernískar kenningar Ernest Gellner

Sá fræðimaður sem hefur haft hvað mest áhrif á mismunandi hugmyndastrauma þegar kemur að þjóðernishyggju er breski- tékkneski félagsmannfræðingurinn Ernest Gellner. Gellner er einn helsti hugmyndasmiður móðernískra kenninga þjóðernishyggjunnar og hafa kenningar hans notið mikillar hylli í heimi félags- og hugvísinda síðan á sjöunda áratugnum. Fyrir honum er þjóðernishyggja fyrirbæri sem myndast í kjölfar ákveðinnar samfélagslegrar uppbyggingar og hægt er útskýra á skynsamlegum grundvelli. Fyrir Gellner stendur þjóðernishyggja fyrir ákveðna tegund samfélags sem veldur tiltekinni hegðun fólks. Þessi hegðun veldur því að sterk tengsl myndast á milli einstaklinga. Þetta vill Gellner meina að gerist í því samfélagsformi sem einkennir nútímasamfélög en hann vill meina að samfélög hér áður fyrr hafi ekki búið yfir þeim eiginleikum sem til þurfi svo að þjóðernishyggja myndist. Gellner vill meina að eðli samkenndar sem fannst

⁴ Sama heimild, 54-58.

⁵ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið. Uppruni og endimörk*, 26.

á meðal fólks í þjóðfélögum fyrri tíma sé engan veginn samanburðarhæf við þá samkennd og þjóðerniskennd sem finna má á meðal fólks í nútímasamfélögum.⁶

Gellner vill meina að þjóðir myndist í kjölfar félagslegra siðvenja eða ímyndaðra samfélaga. Þessa skoðun hans má sjá hér að neðan:

Sú hefð að líta á þjóðir sem náttúrulega eða guðlega aðferð til að flokka menn sem eðlislæg [...] pólitísk örlög er goðsögn; þjóðernisstefna býr stundum til þjóðerni úr menningarhópum sem þegar eru fyrir hendi, finnur þær stundum upp, og útrýmir oft menningarhópum sem eru fyrir hendi: Það er raunveruleikinn hvort sem okkur líkar hann betur eða verr [...].⁷

Það sem Gellner telur vera afar mikilvægt er að aðskilja hugtökin „þjóðernislegur“ og „náttúrulegur“ og þær réttlætningar sem þeim fylgja. Þýski heimspekingurinn Johann Gottfried er dæmi um fræðimann sem hélt slíku fram í skrifum sínum seint á 18. öld en hann vill meina að ólíkar hefðir og venjur þjóða séu nánast náttúruleg fyrirbæri sem myndist í sterku sambandi milli náttúru og þjóðar. Einnig leggur hann sterka áherslu á tengsl þjóðar við tungumálið og þann hugarheim sem myndast í kringum það. Gellner gerir lítið út á slíkar útskýringar á þjóðernishyggju. Hann vill greina þær frá ósvikinni útskýringu á þjóðernishyggju sem hann telur að finna megi með því að skoða breytt samfélagsform í tímanna rás.⁸ Fyrir honum eru hugtökin þjóð og þjóðerni ný fyrirbæri sem eru mannum ekki eðlislæg. Hann vill meina að þetta tengist þeim miklu þjóðfélagsbyltingum sem áttu sér stað, sér í lagi vegna iðnvæðingarinnar og í kjölfar lýðræðisþróunar. Móðernistar halda því fram að sú samkennd sem mátti finna meðal íbúa þjóðfélaga á fyrri tímum hafi myndast fyrir nokkurs konar tilviljun og slíka samkennd sé engan veginn hægt að bera saman við þá þjóðerniskennd sem finna má í nútíma samfélögum.⁹ Samkvæmt Gellner á þjóðin sér ekki neinn náttúrulegan uppruna. Hugtökin þjóð, þjóðerni og þjóðernishyggja eiga rætur sínar að rekja til félagslegrar siðvenju sem tók að myndast í nútímasamfélagi

⁶ Sama heimild, 41-42.

⁷ Ernest Gellner, *Nation and Nationalism* (Oxford: Blackwell, 2006), bls. 48-49.

⁸ Eiríkur Bergmann, „*Hið huglæga sjálfstæði þjóðarinnar*“ *Áhrif þjóðernishugmynda á Evrópustefnu íslenskra stjórnvalda* (Reykjavík: Háskóli Íslands, stjórnmálafræðideild, 2009), 82.

⁹ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið. Uppruni og endimörk*, 26.

iðnvæðingarinnar og vill hann því meina að þjóðernishyggja sé uppspretta ímyndaðra samfélaga.¹⁰

Í bók sinn *Plógur, sverð og bók – Formgerð mannkynssögunnar* (e. *Plough, Sword and Book – The structure of human history*) talar Gellner meðal annars um hugmyndir sýnar um nútímaríkið og samfélög mannsins sem ríktu fyrir tíma þess. Þar kynnir hann til sögu hugmyndir sínar um tímarof mannkynssögunnar máli sínu til stuðnings.

2.2 Þrískipting samfélagslegrar þróunar

Í kenningum Gellners um þjóðernishyggju skiptir Gellner sögunni í ákveðin tímarof sem maðurinn hefur gengið í gegnum í þremur megin þrepum eða tímabilum í mannkynssögunni. Fyrsta tímabilið, sem endurspeglar ákveðna gerð samfélaga í sögunni, er samfélag veiðimanna og safnara (e. *hunting and gathering societies*). Annað er tímabil landbúnaðarsamfélagsins (e. *agrarian societies*) og það þriðja er hið iðnvædda samfélag (e. *industrial societies*). Það eru engin sérstök náttúrulögmál sem segja til um að samfélög verði að ganga í gegnum öll þessi þrjú stig. Gellner vill ekki meina að til sé ákveðið skyldubundið þróunarmynstur sem samfélög verði að ganga í gegnum í mótun sinni. Hann bendir á að samfélög hafa þó yfirleitt ekki þá eiginleika að geta þróast beint úr fyrsta stigi yfir í það þriðja. Einnig er afar ósennilegt og sjaldgæft að samfélög þróist á þann hátt að þau snúi aftur úr stigi þrjú og fari niður á stig tvö. Þessar þrjár tegundir samfélaga sem Gellner nefnir eru svo frábrugðin hverju öðru að þau sýna fram á grundvallaratriði í þeirri þróun sem átt hefur sér stað í sögu mannkynsins.¹¹

Líkt og áður sagði er fyrsta stigið tímabil veiðimanna og safnara. Þess háttar samfélög einkenndust af þeirri staðreynd að þau bjuggu yfir lítilli sem engri getu til að framleiða, safna saman eða birgja sig upp af þeim munum sem má flokka sem nauðsynjar eða þá hluti sem veita mannum aukin lífsgæði. Þau voru háð því sem þau annað hvort fundu eða drápu. Samfélögin voru lítil og einkenndust af afar lítilli verkaskiptingu. Þessi samfélög voru vanþróuð og engan veginn í þeirri stöðu til að bjóða upp á pólitíska lagaskiptingu eða valdaeiningar, sem eru að mati Gellners mikilvægir þættir svo myndun ríkja geti átt sér stað. Þar af leiðandi vill Gellner meina

¹⁰ Federick M. Barnard, *Herder's Social and Political Thought: From Enlightenment to Nationalism* (Oxford: Clarendon Press, 1967), 58.

¹¹ Ernest Gellner, *Plough, Sword and Book: The structure of human history* (Chicago: University of Chicago Press, 1989), 16.

að á þessum tímum hafi ríki ekki náð því stigi að búa yfir þeim eiginleikum eða skipulagseiningum til að geta talist ríki.¹²

Tímabil tvö hefst á tímum landbúnaðarsamfélagsins. Þegar hér er komið við sögu höfðu samfélögin flest þá eiginleika til staðar, að mati Gellners, að geta flokkast sem ríki. Einstaklingarnir innan samfélagsins höfðu þróað með sér tækni til að framleiða mat, geyma hann og afla annars konar muna sem aukið gátu velferð mannsins. Mikilvægustu eiginleikarnir sem þess háttar samfélög bjuggu yfir voru þeir að geta framleitt frekari fæðu og fleiri hluti sem veittu aukin lífsgæði og öryggi. Einnig höfðu menn á þessum tímum náð tökum á tækni til að framleiða hluti líkt og verkfæri og vopn. Auk þess höfðu þeir þróað getu til að framleiða hluti sem höfðu „táknrænt gildi“ sem hjálpuðu við að varðveita menningarlega muni og bæta lífsgæðin enn frekar. Landbúnaðarsamfélagið hafði getu til að þrífast í stærri einingum en veiðimanna- og safnarsamfélagið. Þörfin fyrir vinnuafli skapaði aukinn hvata til fólksfjölgunar sem leiddi jafnvel til þess að eftirspurn eftir mat og vörum var orðin meiri en framboðið. Landbúnaðarsamfélög höfðu tilhneigingu til að þróa flóknari félagslega sundurgreiningu og formótaða verkaskiptingu. Þar ber sérstaklega að nefna tilkomu hinnar sérhæfðu stjórnandi stéttar eða stjórnarelítu. Gellner tekur þó fram að mismunandi sérhæfing og stjórnandi stéttir séu ekki þættir sem áttu við alls staðar í heiminum á tímum landbúnaðarsamfélagsins en þó nægilega til að hægt sé að líta á þessa þætti sem eðli samfélagsins. Sum samfélögin voru undir harðstjórn og önnur undir lagalegri hlýðni. Það má því segja að þetta sé það tímabil þar sem ríki voru að myndast af alvöru en samfélögin voru mjög misjöfn.¹³

Þriðja og síðasta tímabilið sem Gellner talar um er hið iðnvædda samfélag. Þegar hér er komið við sögu einkennast samfélögin að því að helstu áherslur einskorðast ekki lengur við matvælaframleiðslu en hún verður í raun minniháttar atvinnugrein þar sem tæknin hefur tekið við af vinnuafli og aukið afköstin svo um munar. Gellner segir hið iðnvædda samfélag skiptast í tvo hluta. Annars vegar er hið snemmbúna iðnvædda samfélag og hins vegar hið fullþróaða iðnvædda ríki þar sem tækniþróunin var enn meiri. Í fyrrnefndu samfélögunum hafði mikil áhersla verið lögð á matvælaframleiðslu sem varð þess valdandi að aðrir þættir fengu litla sem enga athygli þar sem mikill tími og orka fór í að fullnægja grunnþörfum.¹⁴

¹² Sama heimild, 16-18.

¹³ Sama heimild, 17-18.

¹⁴ Sama heimild.

Flest öll ríki sem hægt er að flokka sem nútímaríki teljast sem iðnvædd ríki. Nútímaríki eru það fjölmenn og flókin að þau krefjast miðstýringar og regluveldis sem eru forsendur þess að geta flokkað samfélög sem ríki. Gellner vill því meina að í dag hafi þessi nútímasamfélög ekki lengur val um hvort þau eigi að búa við pólitískt regluveldi og miðstýringu heldur sé það í raun og veru eina lausnin til að samfélagið geti þrífist. Í ljósi þess hversu fjölmenn samfélögin eru orðin krefjast þau mikillar tækni og skipulagningar til að geta framfleytt sér.¹⁵

Samkvæmt Gellner er þjóðernishyggja í grunninn pólitísk kenning sem rekur uppruna sinn til iðnbyltingarinnar og þeirra samfélagslegu breytinga sem henni fylgdu. Þjóðernishyggja leggur áherslu á nauðsyn þess að samsvörun sé milli stjórnskipunar- og þjóðerniseininga og byggir því meðal annars á kenningum um pólitískt lögmæti. Þjóðríki séu því markmið þjóðernismiðaðra fræðimanna, þ.e. að þeir sem fari með stjórnskipunarvald eigi skilyrðislaust að vera sömu þjóðar og meirihluti þegna ríkisins. Ýmis þjóðríki standast ekki kröfur þjóðernissinna en algengustu misbrestirnir eru, samkvæmt Gellner, að þjóðríki nái ekki utan um alla þjóðina eða að innan þeirra séu auk tiltekinnar þjóðar meðlimir annarra þjóða. Þar að auki er mögulegt að þjóðir eigi sér ekkert þjóðríki og lifi innan fjölda annarra ríkja.¹⁶

Eins og áður hefur komið fram snýr Gellner þjóðernishyggjunni að ríkinu og virkni þess. Í því samhengi bendir hann meðal annars sérstaklega á hlutverk þess til upplýsingar og menntunar. Ríkið á stóran þátt í að mynda svokallaða hámenningu þar sem það skipuleggur og mótar stjórnarfar, trúarbrögð og menntun. Þetta telur Gellner vera afar mikilvægan þátt í mótun og hugsun þjóða. Hann vill meina að á fyrri tímum t.d. í landbúnaðarsamfélaginu hafi stjórnvöld ekki teygst arma sína svo langt inn í hversdagslegt líf fólks líkt og gerist í nútímaríkjum. Mikilvægir þættir líkt og trúarbrögð og menntun voru aðskildir frá störfum ríkisins og það hafði þar af leiðandi ekki sömu tökin á því að móta þjóðernishugmyndir þjóðarinnar. Aðrir módernistar fjalla um ríkið á svipaðan hátt eða á þann veg að ríkið sé hálfgerður skaffari samfélagsins þar sem þjóðernishyggjan og hennar viðhorf myndast. Þetta þýðir þó ekki að módernistar lofsyngi fyrirbærið ríki líkt og sumar þjóðernishyggjukenningar gera, enda vísa þeir afar takmarkað til tilfinningalegra þátta í greiningu sinni á þjóðernishyggju.¹⁷

¹⁵ Ernest Gellner, *Nations and Nationalism*, 1-4.

¹⁶ Sama heimild, 2-4.

¹⁷ Sama heimild.

2.3 Skilgreiningar á ríki og þjóð

Til að gera kenningum Gellners betur skil er nauðsynlegt að greina frá skilgreiningum á tveimur megin hugtökum þegar kemur að því að greina þjóðernishyggju að mati Gellners. Hugtökin eru ríki og þjóð.

2.3.1 Ríki

Gellner byggir ríkisskilgreiningu sína á skilgreiningu Webers, þ.e. að ríki sé stofnun sem hefur einokun á lögmætri valdbeitingu innan ákveðins landsvæðis, en bendir þó á að til séu ríki sem ekki uppfylli þessi viðmið. Hugmyndafræðin á bak við þetta er sú að í vel skipulögðum þjóðfélögum er ofbeldi á vegum einkaaðila eða staðbundið ofbeldi bannað. Gellner bætir við þessa skilgreiningu öðru hlutverki ríkja sem er að hafa yfirumsjón með því að röð og regla ríki auk þess að halda utan um verkaskiptingu samfélaganna. Í raun sé verkaskipting betri alhliða fyrirrennari ríkjaskipulags en einokun lögmætrar valdbeitingar því hvergi sé að finna ríki án verkaskiptingar af einhverjum toga. Söguleg greining sýni að stjórnunareiningar hafi myndast um það leyti sem þjóðfélög stækkuðu og fóru úr því að vera hópar veiðimanna yfir í landbúnaðarsamfélög. Fyrir það hafi hópar ekki verið nægilega stórir til að bera uppi þær skipulagseiningar sem ríki eru byggð á. Með iðnvæðingunni hafi samfélög orðið svo margbrotin og stór að kröfurnar um verkaskiptingu hafi gert einhvers konar yfirumsjón nauðsynlega en lokaniðurstaðan hafi verið háð tilviljun og öðrum straumum samfélagsþróunar. Nauðsynlegt hafi verið að staðla óskrifaðar reglur í samskiptum manna til að tryggja flæði fólks milli þjóðfélagsstaða og þægileg samskipti og viðskipti fólks af ólíkum bakgrunni. Upp frá slíkum tilviljunarkenndum aðstæðum hafi þjóðernissinnar í raun ranglega gert nútímaríkið að sjálfsögðum hlut í hugum manna.¹⁸

Vert er að benda á að Gellner telur þjóðernishyggju einskorðast við ríkjasamfélög, enda ómögulegt að gagnrýna ríkisvald sem ekki er til staðar, fyrir að uppfylla ekki kröfur þjóðernissinna. Því sterkara sem ríkisvaldið er og miðstýring ríkja meiri því líklegra er að þjóðernishyggja dafni. Ljóst er að Gellner byggir kenningar sínar á athugunum á nauðsynlegum daglegum samskiptum fólks frekar en að líta á þjóðernishyggju sem eina af birtingarmyndum hópeðlis eða hópsálfræði. Slíkt hið sama má segja um marga módernista sem hafa rannsakað þátt þjóðernishyggju í myndun og eflingu þjóða þar sem litið er á þær sem hálfgerðar starfseiningar. Þetta hafa Gellner og

¹⁸ Ernest Gellner, *Nations and Nationalism*, 5-8.

fleiri módernistar verið gagnrýndir fyrir auk þess sem bent hefur verið á að söguleg greining hans byggist um of á alhæfingum og eigi ekki við rök að styðjast.¹⁹

2.3.2 Þjóð

Annað hugtak sem er mikilvægt þegar kemur að því að greina þjóðernishyggju er hugtakið þjóð. Það má segja að skilgreiningin á þjóð sé ennþá flóknari en skilgreiningin á ríki þar sem mat á hugtakinu getur verið afar huglægt. Hugtakið er oft á tíðum talið eitt það flóknasta innan félagsvísindanna. Í marga áratugi hafa tilraunir til að skilgreina hugtakið verið gerðar og fjöldi fræðimanna hefur reynt að skilgreina það en án sameiginlegrar niðurstöðu. Flestir fræðimenn eru þó sammála um að ýmsir þættir komi að og hafi samverkandi áhrif við myndum þjóða. Þar má til dæmis nefna þætti líkt og sameiginlegt landsvæði, tungumál, kynþátt, trú, sögu og menningarbundna þætti.²⁰

Að fæðast inn í þjóð er ekki eðlislægur eða meðfæddur eiginleiki líkt og að fæðast með hjarta eða lunga. En í dag er oft látið sem svo sé. Staðreyndin er sú að hugtakið þjóð er hálfgerð óvissuhugtak líkt og hugtakið ríki. Ekki er hægt að fullyrða að hugmyndin um skilgreininguna á þjóð sé algild eða nauðsynleg að margra mati. Hvorki ríki né þjóðir eru fyrirbæri sem hafa alltaf verið til eða eru jafnvel ekki til undir ýmsum kringumstæðum enn þann dag í dag. Hugtökin ríki og þjóð búa yfir ólíkum skilgreiningarvandamálunum. Þeir sem rannsaka þjóðernishyggju vilja oftast en ekki meina að þessi tvö hugtök þurfi að haldast í hendur þegar kemur að þjóðernishyggju. Ástæðan fyrir því er ekki sú að hugtakið ríki geti ekki staðið undir sér eitt og sér. Sagan hefur sýnt að þjóðir hafa svo sannarlega staðið undir sér án þess að eiga viðurkennt ríki. Það sem er frekar umdeilanlegt er hvort staðlaða hugmyndin um þjóð í nútímalegu samhengi gangi ekki út frá undanfarandi hugmyndum um tilvist ríkis.²¹

Hvað er þá þjóð? Gellner heldur því fram að tveir einstaklingar tilheyri sömu þjóðinni ef þeir deila sömu menningu. Það sem menning þýðir fyrir honum er kerfi hugmynda, tákna, tengsla, hegðunarþátta og samskipta. Gellner vill einnig meina að tveir einstaklingar tilheyri aðeins sömu þjóð ef þeir líti sjálfir svo á að þeir tilheyri sömu þjóðinni. Með öðrum orðum má því segja að þjóðin myndi manninn. Þjóðin er sá þáttur í lífi hvers manns sem mótar hann og hans sannfæringu um tryggð og samstöðu.²²

¹⁹ Graham Day og Andrew Thomson, *Theorizing nationalism*, 57-58.

²⁰ Eiríkur Bergmann, „*Hið huglæga sjálfstæði þjóðarinnar*“ *Áhrif þjóðernishugmynda á Evrópustefnu íslenskra stjórnvalda*, 81-82.

²¹ Ernest Gellner, *Nations and Nationalism*, 3-5.

²² Sama heimild, 4-7.

2.4 Aðrar kenningar

Að mati Gellner hefur þjóðernishyggja sem slík nú þegar sannað sig enda hefur hún náð að móta nútímasamfélög í núverandi mynd sinni. Þrátt fyrir það gagnrýnir hann skilgreiningu þjóðernissinna á langlífi þjóðareðlisins og bendir á hvernig slík skilgreining dregur úr gildi hugmyndafræðinnar. Þar vísar Gellner sérstaklega til myndlíkingar Hegners um dormandi þjóðir sem vakni til lífsins þegar umhverfið býður upp á sérstakt þjóðríki umhverfis þær. Út frá þessum hugleiðingum Hegners megi draga þá ályktun, að mati Gellner, að þjóð verði þá fyrst til er ríki er stofnað í kringum hana. Ótal mörg dæmi mæli gegn slíku en nærtækast er fyrir lesendur hérlendis að líta til íslenskrar þjóðar sem flestum þætti fráleitt að hafi orðið til við stofnun íslenska ríkisins um miðbik síðustu aldar. Reyndar má segja að hugmyndir Íslendinga um þjóðernisvitund sína, sérstaklega á tímum sjálfstæðisbaráttunnar, falli undir það sem kallað hefur verið frumlægar kenningar, en þær vísa í stöðuga þróun þjóða og frumlæg einkenni þeirra.²³

Anthony D. Smith er einn helsti andstæðingur módernista og höfuðpaur ethnískra kenninga sem halda því fram að nútímaþjóðir eigi þjóðfræðilegar og menningarlegar rætur að rekja langt aftur í tímann. Með kenningu sinni hefur Smith það að markmiði að gagnrýna bæði módernista og perenníalista, en síðari hópurinn telur þjóðir alltaf hafa verið til og fylgjendur hennar vilja meina að þjóðir hafi myndast strax við upphaf mannkynssögunnar. Móðernisminn gengur út á, eins og áður hefur komið fram, að þjóðir og þjóðernishyggjan hafi eingöngu haft grundvöll fyrir því að myndast í nútímaríkjum. Smith er ósammála báðum þessum kenningum og það má segja að hans kenning um ethnismann falli á milli þessara tveggja kenninga. Þegar hann lítur á perenníalismann heldur hann því fram að þrátt fyrir að það sé hægt að benda á þjóðleg samfélög á fornöld og á miðöldum sem deila ákveðnum eiginleikum með nútíma þjóðum geti þær ekki verið flokkaðar sem þjóðir eins og við skilgreinum þær í dag. Hann vill meina að þær þjóðir (e. ethnic) sem voru til á forn- og miðöldum hafi yfirleitt ekki búið yfir sömu eiginleikum þegar kemur að almennri menningu sem er einkennandi fyrir nútímaþjóðir. Sem gagnrýni á módernískar kenningar segir hann að þjóðarmenning sé ekki fundin upp í nútímaríkinu. Hann vill meina að grundvöllurinn

²³ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið. Uppruni og endimörk*, 15-17.

fyrir þjóðarmeningunni sem er í dag, sé hluti þróunar sem hefur átt sér stað síðan á forn- og miðöldum.²⁴

Smith vill þó meina að það sé samhljómur um eitt meðal flestra kenningasmiða um þjóðernishyggju. Flestir eru þeir sammála um að þjóðernishyggjan sé tiltölulega nýtt fyrirbæri.²⁵ Aftur á móti segir hann að þjóðir séu nútímalegt skipulag samfélagsins. Hann segir að þjóðir í nútímalegri skilgreiningu reki sögu sína ekki lengra en aftur til seinnihluta 18. aldar. Þjóðernishyggja er hugmyndafræði sem byrjaði að kvikna á þeim tíma. En þrátt fyrir að hann haldi því fram að tilvist þjóða og þjóðernishyggja séu fyrirbæri sem urðu til í nútímanum vill hann meina að þær dragi lífsviðurværi sitt aftur til fortíðar og þeirra þjóðarforma sem þá voru í myndun. Þjóðir nútímans hafa myndast eftir þeirra táknum, minningum, gildum og hagnýtingu. Fyrir Smith er lærdómurinn sem við getum dregið af sögunni afar mikilvægur þegar kemur að lífsafkomu nútímaþjóða.²⁶

Smith hafnar ekki hugmyndinni sem móðernistar notast við um að hægt sé að skipta þróun samfélagsins niður í ákveðin þrep. En hann vill meina að það séu tengsl á milli þessara tímaþrepa og því sé ekki hægt að halda því fram að þjóð og þjóðernishyggja hafi aðeins myndast í nútímaríkinu heldur hafi þetta þróast á milli tímaþrepa. Auk þess segir Smith að tilvist þjóða og þjóðernishyggju hafi komið í kjölfar sögulegrar samfellu í stað þess að horfa á þróunina út frá sögulegum rofum líkt og móðernistar gera. Þjóðir og þjóðernishyggja byggja því fyrst og fremst á sögulegum ákvörðunum fremur en eðlislægum eða pólitískum ákvörðunum, enda eru þær byggðar á sjálfráðum vilja manna. Þrátt fyrir að uppbygging samfélagsins breytist töluvert, til dæmis við iðnbyltinguna, eiga þjóðir engu að síður rætur sínar og uppruna í gamalli tíð (fyrir rof). Hann bendir á að þjóðin sem fyrirbæri eigi sér mun sjálfstæðara líf og dýpri rætur heldur en móðernistar vilja meina. Hann vill ekki meina að þjóðerni og þjóðernisvitund séu hluti af eðli manna, fremur séu þessir þættir mannum eðlilegir og tilfinningalega nauðsynlegir. Þjóðin hefur áhrif á þær breytingar sem eiga sér stað í þjóðfélaginu og hvernig ríkið stjórnast en ríkið stjórnar því ekki hvernig þjóðin mótast.²⁷

²⁴ Graham Day og Andrew Thomson, *Theorizing nationalism*, 64-65.

²⁵ Anthony D. Smith, *Nationalism: Theory, ideology, history* (Malden, Mass: Polity Press, 2001), 5.

²⁶ Graham Day og Andrew Thomson, *Theorizing nationalism*, 65.

²⁷ Sama heimild, 65.

2.5 Umræða

Kenningar Gellners um þjóðernishyggju eru afar athyglisverðar og eins og fram kom hér að ofan hafa þær vakið mikla athygli á meðal fræðimanna í heimi félagsvísindanna. Kenning Gellners er að mestu leyti byggð á skynsemisrökum og gefur hann sögulegum og tilfinningalegum þáttum lítið gildi. Skipting Gellners á samfélagslegri þróun í þau þrjú tímabil sem nefnd eru hér að ofan er forvitnileg nálgun. Hann vill meina að þjóðernishyggja hafi ekki myndast fyrr en í nútímasamfélögum. Í veiðimanna og safnasamfélögum og landbúnaðarsamfélögum hafi ekki verið það stjórnskipulag sem nútímaríkið býður upp á, sem er það stjórnskipulag sem að mati Gellners þurfi til að þjóðernishyggja myndist.

Anthony D. Smith er ekki sammála þessu og hann vill meina að það sé samband á milli þessara tímabila sem Gellner setur fram. Smith er þó sammála Gellner um að þjóðernishyggja sé tiltölulega nýtt fyrirbæri. Aftur á móti segir hann að þjóðernishyggja myndist í kjölfar sögulegrar samfellu og þróun menningalegra þátta. Auk þess vill hann gefa tilfinningum meira gildi.

Hér að neðan verður litið til sögu Íslendinga og íslenskrar þjóðernishyggju. Sagan verður rakin í mjög grófum dráttum. Hún verður skoðuð og borin saman við kenningu Gellners og módernískra hugsjóna. Farið verður yfir söguna á þann hátt að horft verður til kenninga Gellners um tímarof þjóða í mannkynssögunni og skoðað hvort kenningin um upphaf þjóðernishyggju standist. Myndaðist þjóðernishyggja fyrst hér á landi í hinu iðnvædda nútímasamfélagi Íslendinga eða á hún sér dýpri sögulegar rætur?

3. Saga og uppspretta íslenskrar þjóðernishyggju

Til að reyna að komast að því hvenær íslensk þjóðernishyggja myndaðist er nauðsynlegt að líta til sögunnar og skoða hvernig þjóðernishugsanir hafa þróast hér á landi í kjölfar mikilvægra atburða í sögu landsins sem leiddu til þess að samfélagsform og almenn hugsun í samfélaginu tóku breytingum. Líkt og áður kom fram verður miðað við kenningu Gellners þar sem hann skiptir þróun samfélagsins upp í þrjú tímaraof. Saga Íslands er fremur einstök og í ljósi þess hversu seint land var numið reynist erfitt að setja Ísland inn í samfélagsform veiðimanna og safnara, líkt og fyrsta tímabil Gellners gerir ráð fyrir. Þeir landnámsmenn sem hér námu land voru komnir mun lengra í þróuninni en svo. Sagan verður því rakin þannig að fyrst verður litið aftur til tíma víkinga og landnámsmanna hér á landi. Frá því tímabili verður litið til íslenska bændasamfélagsins, sem er ætlað að endurspegla tíma landbúnaðarsamfélagsins í kenningum Gellners. Að lokum verður sjálfstæðisbaráttan skoðuð, hvernig það tímabil færði íslensku þjóðina yfir í að verða iðnvæddara og þróaðara ríki og verður þannig sett í samhengi við þriðja tímabilið í kenningu Gellners, sem er nútímaríkið.

3.1 Söguleg goðsögn

Margir telja að þjóðernishyggju flestra landa megi rekja til sameiginlegrar sögu og goðsagna líkt og Smith vill meina. Ísland er þar engin undantekning og þegar rætt er hver kveikjan var að þjóðernislegum hugsunum Íslendinga er oft talað um gullöld þjóðarinnar sem á, samkvæmt sögunni, að hafa staðið yfir á þjóðveldistímanum. Upphaf þjóðveldistímans er oft miðað við stofnun Alþingis á Þingvöllum árið 930 og stóð hann yfir þangað til 1262.²⁸

Svo hratt sé farið yfir sögu er uppruni Íslendinga rakinn aftur til tíma víkinganna þegar norskir víkingar flúðu til Írlands þar sem þeir blönduðu blóði við Íra sem síðan fluttist til Íslands og sá kynstofn skapaði síðan íslenskt þjóðerni.²⁹ Goðsagnir og þær heimildir sem skrifaðar hafa verið frá þessum tímum segja frá því að þegar land var numið og byggt, hafi Íslendingar fljótlega orðið mikil menningarþjóð og landnámsmennirnir og afkomendur þeirra hafi notið mikillar velmegunar og stolts. Þetta tímabil er oftast talað um sem mikið góðæristímabil í sögu þjóðarinnar, enda voru

²⁸ Eiríkur Bergmann, „Hið huglæga sjálfstæði þjóðarinnar“ *Áhrif þjóðernishugmynda á Evrópustefnu íslenskra stjórnvalda*, 84.

²⁹ Örn Guðnason, „Hinn göfugi uppruni Íslendinga“ *Sagnir* (2004): 9.

Íslendingar sjálfs síns herrar og frjálsir menn. Víkingaöldin var gullöld Íslendinga.³⁰ Þegar víkingarnir námu land á Íslandi tóku þeir með sér alla sína fjölskyldu, þjónustufólk og skuldara og komu sér vel fyrir á hinu nýja landi. Samkvæmt skrifum Jóns Aðils sem birtast í riti hans *Gullöld Íslendinga. Menning og lífshættir feðra vorra á söguöldinni* þá átti flest þetta fólk að hafa verið af afar göfugum ættum, jafnvel jarlborið eða konungsborið. Víkingalífið hafi aftur á móti gert það að verkum að þetta fólk hafi hræklast frá sínu velmegunar lífern til að forðast að vera hneppt í þrældóm. Samkvæmt Jóni áttu Íslendingar að hafa erft ýmsa eiginleika frá þessum göfugu forfeðrum sínum sem voru miklum hæfileikum gæddir og má þar nefna þætti svo sem ritsnilld, skáldskapshæfileika og handlagni. Þeir voru miklir hugsjóna- og draumóramenn fremur en verknaðar- og framkvæmdamenn.³¹

Eftir að landið lenti síðan undir erlendri stjórn tók að draga fyrir sólu. Íslendingar gerðu samning við Norðmenn sem nefndur hefur verið Gamli sáttmálinn. Samningurinn leiddi til þess að Íslendingar gengu í konungssamband við Norðmenn árið 1262 sem síðan varð til þess að Íslendingar fóru undir danska einveldið þegar Danir tóku yfir Noreg árið 1662. Í almennri orðræðu um Gullöld Íslendinga má oftast en ekki sjá vísbendingar um að eftir að Ísland gekkst undir erlenda stjórn hafi leiðin legið niður á við og hin erlenda stjórn hafi grafið undan hinni miklu menningarþjóð og sett hana í slæma stöðu og einangrun. Því hefur upphaf íslenskrar þjóðernishyggju oft byggst á því að kenna erlendum valdhöfum um slæma stöðu Íslands á þessum tímum og þeirri fullyrðingu að sem okkar eigin herrar höfðum við átt okkar mesta blómaskeið. Til að mynda hélt Benedikt Sveinsson því fram að engar framfarir myndu eiga sér stað hér á landi fyrr en stjórnartaumarnir væru komnir í hendur Íslendinga á nýjan leik. Eina leiðin til framfara var talin vera fullveldi þjóðarinnar og sjálfstæði landsins. Fullveldi og frelsi hafa upp frá því verið mönnum mjög mikilvægir þættir þegar kemur að stjórnámálum og stjórnámálaumræðu hér á landi og er óhætt að fullyrða að þessir þættir séu okkur Íslendingum enn þann daginn í dag afar hugleiknir.³²

Það má segja að íslensk þjóðernishyggja, sem finna má í okkar nútímasamfélagi, sé nátengd þeirri framfarahugsun sem ruddi sér til rúms í kjölfar upplýsingaaldarinnar.

³⁰ Eiríkur Bergmann, „*Hið huglæga sjálfstæði þjóðarinnar*“ *Áhrif þjóðernishugmynda á Evrópustefnu íslenskra stjórnvalda*, 84.

³¹ Jón J. Aðils, *Íslenskt þjóðerni: alþýðufyrirlestrar*, 2. Útgáfa (Reykjavík: Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar, 1922), 39-42 og 48-51.

³² Eiríkur Bergmann, „*Hið huglæga sjálfstæði þjóðarinnar*“ *Áhrif þjóðernishugmynda á Evrópustefnu íslenskra stjórnvalda*, 84-85.

Tíðarandinn og saga annarra þjóða spilar einnig stórt hlutverk þegar kemur að þjóðernislegru hugsun. Danska einveldið hafði frá árinu 1800 fram að fyrri heimstyrjöld hægt og bítandi þróast úr því að vera fjölþjóðlegt nýlenduveldi yfir í að vera einsleitara þjóðríki sem hafði vissulega áhrif á samskipti Íslendinga og Dana. Sögunni frá þjóðveldisöld var haldið á lífi og var hún notuð sem eitt helsta vopn Íslendinga í sjálfstæðisbaráttunni. Hin lifandi goðsögn hélt því á lofti að Íslendingar væru sérstök þjóð sem ætti sérstakt samfélag sem lifði við sérstakar aðstæður og það ætti við engin rök að styðjast að þessi sérstaka þjóð sæti undir stjórn ríkis sem byggji við svo ólíkar aðstæður og í slíkri fjarlægð, líkt og Danir gerðu.³³

Nánar verður komið að þessum rökum í kaflanum hér að neðan um sjálfstæðisbaráttuna. Það er óhætt að segja að aðstæður hér á landi um miðja 19. öld hafi verið afar sérstakar. Það landbúnaðar- og bændasamfélag sem finna mátti á Íslandi á þessum tíma var fremur ólíkt þeim landbúnaðarsamfélögum sem finna mátti víðs vegar um Evrópu á sama tíma. Til að setja Ísland inn í þennan kenningaramma sem Gellner setur fram verður umfjöllunin færð nokkur hundruð ár fram í tímann eða frá gullöld Íslendinga yfir í þá tíma þegar bændasamfélagið var ríkjandi hér á landi frá miðri 19. öld og fram til upphafs þeirrar 20.

3.2 Hið íslenska bændasamfélag

Gamlar sögur af íslensku bændasamfélagi segja gjarnan að lengi framan af hafi aðeins ein stétt verið hér á landi og að sú stétt hafi verið bændastéttin. Að sjálfsögðu mátti finna embættismenn og verslunarmenn en oftast en ekki voru þeir einnig bændur samhliða starfi sínu. Íslenska bændasamfélagið einkenndist af því að vera nánast án allrar stéttaskiptingar og vera afar menningarlega og félagslega einsleit þjóð sem samanstóð, að mestu leyti, af fátækum bændum. Sú sýn sem landsmenn höfðu og hafa enn í dag á þetta einsleita bændasamfélag má að vissu leyti tengja við þjóðernishyggju. Hana má finna í þeirri margrómuðu staðreynd að í bændasamfélaginu hafði myndast sameinuð þjóð sem bjó til með sér sameiginlegt andóf gegn erlendu valdi. Strax á þessum tímum varð til sú orðræða sem rædd var um hér að ofan að Íslendingum væri best borgið sem sjálfs síns herrar þó að vísu hafi verið uppi deilur um það hvort þjóðin hefði raunverulega burði til þess. Bændurnir litu aftur á móti ekki á sig sem fátæka menn sem sátu undir erlendu valdi. Þvert á móti var íslenski bóndinn yfirmaður síns

³³Sama heimild, 85.

búskapar og síns heimilisfólks. Í gegnum aldirnar hafði hann varðveitt og alið upp menningalega arfleið þjóðarinnar. Það má því segja að íslenski bóndinn hafi verið menningarleg hetja íslenskrar sögu, uppistaða þjóðarinnar og það afl sem skipti hvað mestu máli þegar kom að baráttunni um sjálfstæði þjóðarinnar. Afar sérstök staða Íslendinga þegar kemur að innri skiptingu þjóðarinnar, stéttaskiptingu og valdabaráttu er mikilvæg þegar kemur að því að skilja íslenska sögu og mótun íslenskrar þjóðernishyggju.³⁴

Fræðimaðurinn Gunnar Karlsson setur íslenska þjóðernishyggju fram á þann máta sem gengur á skjön við kenningar Gellners um tímarofin og myndun þjóðernishyggju í nútímaríkjum. Í staðinn fyrir að halda því fram að þjóðernishyggja hafi myndast þegar íslenskt samfélag umbreyttist frá bændasamfélagi yfir í kapítalískt og iðnvætt nútímasamfélag þá vill hann meina að hún hafi myndast á tímum landbúnaðar- og bændasamfélags. Samkvæmt Gunnari hreiðraði þjóðernishyggjan um sig í hugum manna á þessum tíma, í því þjóðfélagi sem lýst hefur verið hér að ofan sem einkenndist af einsleitni, hreyfaleika og jafnrétti á milli fólks. Hans lýsingar á bændasamfélaginu fyrir tíma iðnvæðingarinnar stinga því í stúf við kenningar Gellners því á þessum tímum voru Íslendingar undir erlendu valdi og varla var Dönnum og þeirra stjórnarháttum ætlað að ýta undir íslenska þjóðernishyggju.³⁵

Gunnar lýsir bændasamfélaginu á áhugaverðan hátt. Hann segir mikinn mun hafa verið á velferð einstaklinga og mismunur á tækifærum sem þeir ríku og fátækustu höfðu var mikill. Þrátt fyrir þessa mismunun í dreifingu lífsgæða myndaði þjóðin eina samfellda heild og vill Gunnar meina að samfélagið hafi á engan hátt verið aðskilið í ákveðnar stéttir. Bændastéttin einkenndist af mismunun þegar kom að dreifingu lífsgæða, allt frá bændum sem áttu ekkert land og litlar eignir yfir í stórbændur sem áttu allt upp í sextíu bóndabýli. Það voru þó engin skil á milli þeirra sem voru stóreignamenn og þeirra bænda sem lítið áttu. Á þennan hátt gátu einstaklingar farið um landið án þess að verða varir við skiptingu sem mætti flokka undir stéttaskiptingu, eins og við myndum þekkja hana í nútímasamfélögum. Fljótt á lítið má segja að munurinn á milli stóreignamanna og þeirra sem lítið áttu hafi verið mjög mikill. En þegar uppi er staðið var það ekki það sem skipti hvað mestu máli. Það sem mestu skipti var að allir

³⁴ Birgir Hermannsson, *Understanding Nationalism - Studies in Icelandic Nationalism, 1800-2000* (Stockholm: Stockholm University, 2005), 211-212.

³⁵ Sama heimild, 216.

bændur áttu heima innan sömu stéttarinnar og alltaf var til staðar raunverulegt tækifæri á að vinna sig ofar á eignaskalanum.³⁶

Bændasamfélagið var vissulega mikilvægt tímabil í mótun íslenskrar þjóðar og þjóðernishyggju. Samkvæmt Gunnari vaknaði ákveðin meðvitund og samkennd á meðal þjóðarinnar og vill hann meina að þjóðernislegar hugsanir hafi fyrst orðið sterkar á þessum tímum. Um aldamótin 1900 og fram á miðja 20. öld áttu sér stað miklar breytingar í uppbyggingu íslensks samfélags. Þessar breytingar snertu bæði félags- og stjórnmálalega þætti en það má segja að á þessum tíma hafi Ísland færst úr því að vera „hefðbundið“ bændasamfélag yfir í að verða sjálfstætt nútímapjóðríki og féll þannig í flokk með öðrum vestrænum nútímasamfélögum. Þessa þróun má rekja til sjálfstæðisbaráttunnar og þeirrar þróunar sem átti sér stað á hennar tímum. Þær framfarir sem urðu leiddu Íslendinga inn í iðnbyltinguna sem hægt og bítandi varð þess valdandi að Ísland fór að standa jafnfætis öðrum vestrænum þjóðum í lífsgæðum og þróun.³⁷

3.3 Sjálfstæðisbaráttan og iðnbyltingin

Líkt og fram kom í umræðunni hér að ofan um hina íslensku gullöld, sem var við lýði hér á landi á árunum 930-1262, skipti hugmyndin um blómaskeið Íslendinga sem sjálfstæð þjóð miklu máli í umræðunni á tímum sjálfstæðisbaráttunnar. Grundvallarhugmynd íslenskrar þjóðernisbaráttu á 20. öld sem varð síðan kveikjan að sjálfstæðisbaráttu hins íslenska þjóðríkis voru hugmyndirnar um endurreisn hins forna íslenska þjóðveldis sem var uppi á tímum gullaldarinnar. Segja má að sá hugmyndafræðilegi grunnur sem var lagður um endurreisnina hafi spilað afar stórt hlutverk í þjóðernishugmyndum sem íslensk sjálfstæðisbarátta byggði að mestu leyti á.³⁸

Sigríður Matthíasdóttir talar um í bók sinni *Hinn sanni Íslendingur* að þær breytingar sem áttu sér stað þegar Íslendingar fengu heimastjórn og sinn eigin ráðherra inn í landið hafi haft mikið að segja þegar kemur að þjóðernisvitund Íslendinga. Hún segir að þessar breytingar hafa verið lítið rannsakaðar í íslenskri sagnfræði. Lengi hefur verið miðast við það í umræðu um íslenska þjóðernishyggju að hún hafi orðið til með þeirri lýðræðislegu vakningu sem átti sér stað víða um heim á fyrri hluta 19. aldar.

³⁶ Gunnar Karlsson, „The Emergence of Nationalism in Iceland“ í *Ethnicity and Nation Building in the Nordic World*, ritstj. Sven Tägil, (London: Hurst, 1995), 53.

³⁷ Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn eini sanni Íslendingur - þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900-1930*, 17.

³⁸ Sama heimild, 43.

Sigríður vill meina að íslenskar þjóðernishugmyndir hafi ekki tekið miklum stakkaskiptum fyrr en við upphaf 20. aldar í kjölfar fyrstu skrefa þjóðarinnar til sjálfstæðis. Þau rök sem hún færir fyrir því er að þjóðernishugmyndirnar hafi verið endurskilgreindar og endurmótaðar í kjölfar sjálfstæðisbaráttunnar og hafi þannig orðið hinum almenna Íslendingi mun hugleiknari en áður.³⁹

Til að skilja þjóðernishugmyndir Íslendinga betur er mikilvægt að stikkla á þeim stóru þáttum sem leiddu Ísland inn í sjálfstæði. Það er ekki að ástæðulausu að þeir fræðimenn sem velt hafa fyrir sér íslenskri þjóðernishyggju hafi haldið því fram að helstu stakkaskiptin sem áttu sér stað í þjóðernishugmyndum þjóðarinnar hafi verið á fyrstu áratugum 19. aldarinnar í kjölfar upplýsingaaldarinnar. Sú lýðræðiskrafa sem fylgdi upplýsingaöldunni var óneitanlega kveikjan að því að út um alla Evrópu breyttust hugsjónir manna og fólk tók að leiða hugann að lýðræðislegri og sanngjarnari stjórnarháttum. Í kjölfar þessara hugafarsbreytinga hér á landi var Alþingi endurreist í Reykjavík árið 1845. Áhugavert er að benda á að augljóslega er horft til fyrri tíma í Íslandssögunni við þennan atburð þar sem nafnið á þinginu var sótt til þjóðveldistímanna þar sem dómstóll var á Þingvöllum sem bar nafnið Alþingi. Einnig leiddu Íslendingar hugann að því að endurreisa Alþingi á Þingvöllum en ekki varð að því af hagnýtum ástæðum. Íslendingar urðu því fyrir erlendum áhrifum sem fólust í aukinni lýðræðis- og réttlætissjónarmiðum eins og flest önnur Evrópuríki. Þegar kom að endurreisn Alþingis litu Íslendingar vissulega einnig til erlendra fyrirmynda. Aftur á móti er áhugavert að einnig var litið aftur til fortíðar. Þar sem sjálfstæðishugsjónir voru oft miðaðar út frá endurreisn hins forna íslenska þjóðveldis þótti mikilvægt að við endurreisn Alþingis yrði þessa tíma minnst.⁴⁰

Nýlenduveldið Danmörk hélt áfram að breytast og árið 1848 leið einveldi Danakonungs undir lok. Í kjölfarið hófust samningaviðræður á milli Dana og Íslendinga árið 1851 um stöðu Íslands gagnvart Danmörku eftir að einveldið var afnumið en upp úr viðræðum slitnaði vegna ósamkomulags um stöðu Íslands gagnvart danska ríkinu. Árið 1874 var stórt skref tekið í átt að sjálfstæði þegar Íslendingar fengu sína eigin stjórnarskrá afhenta frá Danakonungi. Þessi atburður er oft talinn marka endalok

³⁹ Sama heimild, 44.

⁴⁰ Eiríkur Bergmann, „*Hið huglæga sjálfstæði þjóðarinnar*“ *Áhrif þjóðernishugmynda á Evrópustefnu íslenskra stjórnvalda*, 84.

einveldis hér á landi. Þrátt fyrir að þetta hafi óneitanlega gefið Íslendingum aukið vald var framkvæmdavaldið ennþá í Kaupmannahöfn.⁴¹

Krafan um fullveldi varð upp frá þessum tíma sífellt háværi. Ekki er hjá því komist þegar talað er um sjálfstæðisbaráttu Íslendinga að nefna Jón Sigurðsson eina mestu sjálfstæðisshetju þjóðarinnar. Jón var sögu- og bókmenntamaður mikill og notaði hann hina sameiginlegu goðsögn um gullöldina og Gamla sáttmálann sem eitt helsta vopn Íslendinga í sjálfstæðisbaráttunni. Hann hélt því fram að Ísland hefði einfaldlega lagalegan rétt til sjálfstjórnar. Ísland hefði samþykkt að ganga undir vald norska konungsins árið 1262 sem frjálst sambandsríki. Þegar Noregur færðist síðan undir danska stjórn fylgdi Ísland með. Samkvæmt Jóni var Ísland í sömu tengslum við dönsku krúnuna og áður við hina norsku og voru enn undir þeim reglum sem fram komu í Gamla sáttmála. Á þessum rökum byggði hann fullyrðingu sína um að Íslendingar ættu fullan lagalegan rétt til sjálfstjórnar og voru markmiðin skýr, að Íslendingar gætu ekki sætt sig við annað en fram kom í Gamla sáttmála. Ísland féll undir dönsku krúnuna eftir að Norðmenn færðust undir hana en Jón vildi meina að Ísland væri þar af leiðandi hluti af dönsku krúnunni en ekki hluti af danska ríkinu. Þegar einveldi var afnumið í Danmörku ætti þessi skipan einnig að ná til Íslands. Samkvæmt þessu ætti Ísland því einungis að vera í konungsambandi við Danmörku en hefði engum skyldum að gegna gagnvart við danska ríkinu.⁴²

Þann 1. febrúar árið 1904 var enn eitt mikilvægt skref tekið í sjálfstæðisbaráttu landsins þegar framkvæmdavaldið var flutt yfir til Íslands með fyrsta innlenda ráðherra. Hannes Hafsteinn sem var þá sýslumaður á Ísafirði og eitt ástsælasta skáld þjóðarinnar tók við ráðherraembættinu og stóð hann fyrir miklum framkvæmdum og breytingum. Þessi tímamót eru talin hafa markað ákveðin þáttaskil í Íslandssögunni því með þessu var raunverulegt ákvörðunarvald tekið úr höndum Dana. Einnig er þetta tímabil heimastjórnarinnar, sem gjarnar er miðað við að hafi staðið yfir á árunum 1904-1918, talið hafa verið mikið gróskutímabil í íslensku þjóðlífi. Sem dæmi um þær breytingar sem urðu á þessu tímabili má nefna að flutningum Íslendinga vestur um haf fækkaði svo um munaði. Fimmtungur þjóðarinnar hafði leitað til annara landa, þá aðallega til Norður- Ameríku, í von um betra lífi á röskum 30 árum. Á heimastjórnartímabilinu var greinilegt að mikil hugarfarsbreyting hafði átt sér stað á meðal íslensku þjóðarinnar og greinilegt var að fólki þótti ekki lengur vera eins mikil

⁴¹ Sama heimild, 84.

⁴² Sama heimild, 85-86.

ástæða til að flytja með fjölskyldu sína til annarra landa í von um betri framtíð. Þessi þróun er ólík þeirri þróun sem átti sér stað í mörgum öðrum Evrópulöndum á sama tíma þar sem útflytjendum fjölgaði. Mikil bjartsýni, framgangur og nýbreytni voru áberandi í íslensku þjóðfélagi á heimastjórnunartímabilinu. Mikill framfarahugur var í atvinnulífinu með aukinni tækni og með tilkomu vélknúinna fiskiskipa hér á landi. Þessi áhrif komu líka fram í aukinni sókn í landbúnaði og störfum í kringum þjónustugreinar fjölgaði í kjölfar aukinnar þéttbýlismyndunar. Það má segja að þrátt fyrir að flestir hafi lifað við mikla fátækt og strit hafi efnahagurinn farið batnandi sem leiddi til betri og fjölbreyttari lífsgæða.⁴³

Árið 1918 leið heimastjórnunartímabilið undir lok en þetta ár fengu Íslendingar fullveldi en voru þó enn í konungssambandi við Dani. Konungsríkið Ísland öðlaðis fullveldi og hafði það samningsbundinn rétt til að endurskoða eða segja upp konungssambandinu við Danakonung að aldarfjórðungi liðnum. Fullveldi Íslands og þessum samningi var síðan fylgt eftir árið 1944 þegar Íslendingar slitu sig endanlega undan valdi Danakonungs og lýstu yfir fullu sjálfstæði þegar Danmörk var enn hersetin af Þjóðverjum. Þetta var gert á Þingvöllum árið 1944 á fæðingardeggi Jóns Sigurðssonar, þann 17. júní sem síðan þá hefur verið þjóðhátíðardagur Íslendinga.⁴⁴

Sigríður Matthíasdóttir heldur því fram að íslensk þjóðernishyggja byggji fyrst og fremst á tveimur megin stoðum. Þessar stoðir koma skýrt fram í riti sem kom út árið 1903 sem heitir *Íslenzkt þjóðerni* og er eftir Jón Aðils. Í fyrsta lagi er það hugmyndin um lífrænt eðli íslenskrar þjóðar og í öðru lagi eru það áherslur Jóns á grundvallarhugmyndina um endurreisn fornarrar gullaldar Íslendinga. Hið lífræna eðli þjóðar er tekið úr hugmyndasmiðju þýska heimspekingsins Johanns Gottfrieds Herders. Í kenningum sínum um þjóðernishyggju leggur hann áherslu á að þjóðir séu lífrænar heildir sem grundvallast í tungumáli þjóðarinnar. Þjóðin sé aðeins með eitt sjálf og einn vilja. Svo hið lífræna eðli íslenskrar þjóðar sé útskýrt nánar heldur Jón því fram að íslenskt þjóðerni miðist ekki aðeins af stjórnmalalegri einingu sem deilir sameiginlegu landsvæði, menningu og lögum, líkt og Gellner myndi halda fram. Því fyrir Jóni er íslenska þjóðin náttúrulegt fyrirbæri sem gædd er ákveðnu persónulegu eðli og einkennum.⁴⁵

⁴³ Heimasíða Forsætisráðuneytis Íslands, „Skýrsla: Heimastjórn 1904-2004“, 2004.

http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/Heimastjorn_skyrsla.pdf (sótt 10. apríl 2011), 2.

⁴⁴ Sama heimild, 3-4.

⁴⁵ Sigríður Matthíasdóttir, *Réttmæting þjóðernis: Samanburður á orðræðu Jóns Jónssonar Aðils og kenningum Johanns Gottlieb Fichtes* (Reykjavík, 1993), 40.

3.4 Umræða

Nú hefur verið farið hratt yfir sögu þar sem litið var til tíma gullaldarinnar, bændasamfélagsins, sjálfstæðisbaráttunnar og vakningu þjóðernisstefnunnar. Eftir að hafa litið á þessi tímabil og skoðað þróun þjóðernishyggju er óhætt að segja að hún sé hluti af mun stærri samfélagslegri þróun og tók að myndast löngu fyrir tíma iðnbyltingarinnar og nútímaríkisins líkt og Gellner heldur fram. Gellner heldur því þó fram að iðnbyltingin hafi breiðst út frá upphafspunkti sínum og vill meina að þjóðernishyggja séu einnig viðbrögð við þessari ójöfnu iðnvæðingu.

Sigríður Matthíasdóttir segir að mikil umbylting hafi átt sér stað í þjóðernislegum hugsunarhætti um aldarmótin, á tímum sjálfstæðisbaráttunnar. Aftur á móti má rekja þjóðernisstefnuna alla leið aftur til tíma upplýsingarinnar og frönsku stjórnarbyltingarinnar þegar Íslendingar urðu fyrir erlendum lýðræðislegum hugmyndastráum.⁴⁶ Þjóðernishyggja og þjóðernishugsanir eru enn áberandi í íslensku þjóðfélagi nú til dags. Í framhaldin verður litið til áhrifa þessa þátta á nútímasamfélag 20. og 21. aldarinnar. Litið verður á þau áhrif sem þjóðernishyggjan hefur á Íslendinga í því alþjóðavædda samfélagi sem við búum við í dag og áhrif hennar á stöðu Íslands í Evrópusamrunanum og stjórnarhætti landsins. Þessir þættir eru skoðaðir í þeim tilgangi að velta upp þeirri hugsun hvort íslensk þjóðernishyggja móti stefnumál í íslenskum stjórnámálum? Eða hvort stjórnarskipan nútímaríkisins hafi skapað forsendur fyrir því að þjóðernishyggjan er eins sterk og raun ber vitni? Líkt og Gellner myndi halda fram.

4. Þjóðernishyggja í íslensku nútímasamfélagi

Í lýðræðislegum nútímaríkjum þykir mikilvægt að bera virðingu fyrir einstaklingnum og þeim rétti sem þegar ríkisins eiga til að hafa áhrif á lagasetningu og stjórnarhætti ríkisins. Þrátt fyrir þessa áherslu sem lögð hefur verið á frelsi einstaklingsins í lýðræðisbaráttunni á 19. og 20. öld hafa flest samfélög, að íslensku samfélagi meðtöldu, lagt áherslu á að varðveita sín sérkenni sem heild. Það er meðal annars gert með því að rækta innri þjóðernistákn hvort sem það eru tungumál, sameiginlegar minningar og þá atburði sem gefa þjóðríkinu sögulega dýpt.

⁴⁶ Eiríkur Bergmann, „*Hið huglæga sjálfstæði þjóðarinnar*“ *Áhrif þjóðernishugmynda á Evrópustefnu íslenskra stjórnvalda*, 90.

Baráttan fyrir auknu pólitísku frelsi var svo umfangsmikil á 19. öld að hún einokaði nánast alla stjórn málaumræðu hér á landi. Íslendingum er í kjölfarið ekki tamt að líta á sjálfstæði og þjóðernisvitund sem sjálfsagðan hlut hvort sem um er að ræða Íslendinga á 19. öld eða núlifandi Íslendinga. Í stað þess að Íslendingar líti á þjóðina og þjóðríki sem félagslega siðvenju telja þeir hana frekar vera órjúfanlegan þátt í mannlegu eðli og virðist vera sem þeir nýti sér þetta eðli til hins ítrasta til að varðveita íslenska þjóðríkið. Ísland hefði getað tekið saman við danska ríkið á sínum tíma eða jafnvel gengið í nokkurskonar samnorræna heild. Ein af megin ástæðunum fyrir því að það var ekki gert er mikilvægi og varðveiting fullveldisins. Sömu sögu er að segja um trega Íslendinga í Evrópusamrunanum og í almennum samskiptum við stofnanir sem hafa yfirþjóðlegt vald enn þann daginn í dag.⁴⁷

4.1 Varðveiting fullveldisins

Ríki nútímans verða sífellt háðari hvert öðru bæði þegar litið er til efnahagslegs öryggis og öryggis almennt. Ísland er þar engin undantekning og frá árinu 1862-1914 fór bæði innflutningur og útflutningur að aukast. Þessi vöxtur í milliríkjaværslun er athyglisverður í ljósi þess að hann sýnir fram á nútímavæðingu íslenska atvinnulífsins og þjóðfélagsins í heild.⁴⁸ Þessi þróun hélt áfram samhliða sjálfstæðisbaráttu Íslendinga. Allt frá stofnun lýðveldisins hefur Ísland, líkt og allar aðrar þjóðir Evrópu, þurft að móta sér stefnu hvernig þjóðin eigi að haga sínum málum í alþjóðasamfélaginu og samvinnu sinni við aðrar Evrópuþjóðir.⁴⁹ Staðreyndin er sú að allt frá því að Íslendingar fengu fullveldi sitt á ný árið 1918 hefur verið áberandi í íslenskri stjórn málaumræðu, bæði á meðal stjórn málaumræðu almennra borgara, ótti í samfélaginu um að fullveldið gæti glatast á ný. Birt var grein í blaðinu *Ísafold* sem skrifuð var í tilefni undirskriftar nýrra sambandslaga árið 1918, þar segir: „Fullveldi landsins má eigi skoða eins og fagurt glingur, sem gaman sé að stássa með.“ Þessi setning er afar lýsandi fyrir þá hugsun sem hefur verið ríkjandi hér á landi allt frá upphafi 20. aldar. Greinin heldur síðan áfram: „Nei fullveldið verða Íslendingar að skoða sem fjöregg framtíðar aldrei láta það verða fyrir neinu hnjaski, aldrei láta blett eða hrukku sjást í kjörgríp þeim.“ Því

⁴⁷ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið. Uppruni og endimörk*, 37-38.

⁴⁸ Stefán Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson, *Hnattvæðing og þekkingarþjóðfélag: Ísland í breyttu þjóðfélagsumhverfi* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2005), 254.

⁴⁹ Auðunn Arnórsson, Espen Barth Eide og flr., *Ísland og Evrópusambandið: EES, ESB- aðild eða „svissnesk lausn“?* (Reykjavík: Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, 2003), 41.

hefur lengi verið haldið á lofti að þjóðin geti vel misst sjálfstæði sitt og fullveldi á ný og sé það því alger skylda Íslendinga að sofna ekki á verðinum og varðveita það. Óttinn sem hefur verið til staðar allt frá því að Íslendingar fengu fullveldi sitt stafar fyrst og fremst af þeim orðrómi sem haldið hefur verið á lofti þar sem fullyrt er að upphaflega hefði þjóðin verið sjálfstæð en hún hafi glatað sjálfstæðinu til erlendra afla. Glötun fullveldisins hafi síðan leitt til niðurlægingar tímabils Íslendinga þar sem mikil fátækt og eymd var í landinu. Þessi hugsun var lengi vel kennd í íslenskum skólum, meðal annars í bókum eftir Jónas frá Hriflu sem segir meðal annars í Íslandssögu sinni sem hann samdi fyrir börn á grunnskólaaldri: „Sjálfstæði landsins var glatað fyrir manngildisskort nokkurra Íslendinga. Þjóðveldið, sem drengskapur, vit og framsýni forfeðranna hafði reist með vinnu margra kynslóða, var hrunið í grunn og dró með sér í eyðilegginguna þá glæsilegu, en skammsýnu menn, sem höfðu ætlað að byggja upphefð sína á niðurlægingu þjóðarinnar“. Íslendingar hafa því alist upp við þá hugsun frá blautu barnsbeini að eitt það mikilvægasta sem okkur ber að varðveita er fullveldið, frelsið fyrir erlendum öflum, sama í hvaða birtingarformi það er, svo sem alþjóðastofnanir eða almenn milliríkjasamskipti.⁵⁰ Samkvæmt þessari söguskoðun sem kennd hefur verið Íslendingum allt frá upphafi 20. aldar eru efnahagslegar framfarir og velsæld afleiðingar sjálfstæðis þjóðarinnar. Sú þjóðernishyggja sem myndaðist á tímum upplýsingarinnar og náði nýjum hæðum í sjálfstæðisbaráttunni skilar sér svo sannarlega áfram inn í nútímann og er ríkjandi í því samfélagi sem við lifum í í dag. Erfitt getur reynst að stöðva þjóðernishugsanir þegar þær hafa kviknað sem hefur verið þess valdandi að tungumál sjálfstæðisbaráttunnar hefur mótað stjórn málaumræðu í landinu allar götur síðan.⁵¹

Samkvæmt þessu má því draga þá ályktun að tíma sjálfstæðisbaráttunnar hafi í raun aldrei lokið heldur eru Íslendingar í sífelldri baráttu við að viðhalda því fullveldi sem við höfum í dag. Árið 1944 náðu Íslendingar nokkurs konar núllpunkti í sjálfstæðisbaráttunni og mótaðist upp frá því ný tegund sjálfstæðisbaráttu sem einkenndist af einskonar varðvörslu sjálfstæðisins í hinum viðsjáverða heimi. Íslensk þjóðernishyggja var nokkuð frábrugðin þeirri þjóðernishyggju sem hafði mótast í öðrum ríkjum Evrópu. Á Íslandi var grundvallar áhersla lögð á sjálfstæði og frelsi þjóðarinnar,

⁵⁰ Guðmundur Hálfðanarson, „Glatast fullveldið við inngöngu í Evrópusambandið“, *Ný staða Íslands í utanríkismálum: Tengsl við önnur Evrópulönd*, Ritstýrt af Silju Báru Ómarsdóttur (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2007), 123-124.

⁵¹ Birgir Hermannsson, *Understanding Nationalism - Studies in Icelandic Nationalism, 1800-2000*, 270.

fremur en rétt og frelsi einstaklingsins og gætir þar jafnvel áhrifa íslenska bændasamfélagsins þar sem einsleitni og samstaða þjóðarinnar var mikil.⁵²

Þá er áhugavert að líta til þess hvernig varðveiting fullveldisins á við þegar kemur að Evrópusamvinnunni. Evrópusamruninn hefur verið á milli tannanna á Íslendingum í áratugi. Mikil togstreita hefur myndast á milli þeirra sem halda því fram að litlar framfarir verði hér á landi nema Íslendingar taki þátt í alþjóðavæðingunni af fullum krafti og á milli þeirra sem vilja halda Íslandi frá alþjóðastofnunum og fjölþjóðlegu valdi. Þessi togstreita hefur litað íslenska stjórnmalastefnu svo um munar og hefur þjóðernisstefna spilað lykilstöðu þegar kemur að mikilvægum ákvarðanatökum og má þar nefna inngönguna í NATO, þorskastríðin og Evrópusamrunann.

4.2 Ísland og Evrópusamruninn

Í ræðu sem Davíð Oddsson, einn áhrifamesti stjórnmalamaður á Íslandi á 20. öld, flutti segir hann að á sínum tíma hafi verið slæmt fyrir Íslendinga að fá allt sem við þurftum frá Danmörku og þess vegna ættum við ekki að sækjast eftir því að fá það sem við þurfum frá Evrópu heldur. Með þessu vitnar hann í söguna og lætur í ljós andstöðu sína við að Ísland gangi lengra inn í Evrópusamrunann með því að ganga inn í Evrópusambandið. Skoðun Davíðs endurspeglar skoðun margra Íslendinga og þá sérstaklega þeirra sem eru íhaldssamir og þeirra sem haldnir eru ótta um glötun fullveldisins eins og lýst var hér að ofan.⁵³ Nú þegar hefur Ísland gengið tiltölulega langt inn í Evrópuvæðinguna og hefur verið virkur þátttakandi bæði með aðild sinni inn í Evrópska efnahagssvæðið (EES) og inn í Schengen landamærasamstarfið. Þegar Íslendingar gengu inn í EES skipaði Utanríkisráðuneytið nefnd fjögurra sérfaðinga sem komst að sameiginlegri niðurstöðu, sem var nokkuð umdeild á meðal fræðimanna, um að samningurinn bryti ekki í bága við fullveldisákvæðið í stjórnarskrá Íslendinga. Samningurinn er þó talinn hafa þrengt verulega að lagasetningarvaldi íslenskra stjórnvalda á þeim sviðum sem samningurinn nær til. Erik O. Eriksen orðaði það þannig að með því að undirrita EES samninginn væru Íslendingar orðnir svokallaðir de-facto-þátttakendur í Evrópusambandinu þar sem landið hefði nú tekið upp afar stóran hluta regluveldis þess með að ganga inn í EES. Á þennan hátt hefur íslenska ríkið framselt

⁵² Eiríkur Bergmann, „*Hið huglæga sjálfstæði þjóðarinnar*“ *Áhrif þjóðernishugmynda á Evrópustefnu íslenskra stjórnvalda*, 90.

⁵³ Guðmundur Hálfðanarson, „*Discussing Europe: Icelandic nationalism and European integration*“, *Iceland and European Integration: On the edge*, ritstýrt af Baldri Þórhallssyni (New York: Routledge, 2004), 128.

hluta af löggjafarvaldi sínu til Evrópusambandsins. Aftur á móti hafa Íslendingar litla sem enga möguleika á að hafa áhrif á lagasetningu sambandsins.⁵⁴

Megin umræðan í dag, þar sem má greina augljós áhrif þjóðernishyggju sem mótast hefur í gegnum tíðina hér á landi, er í tengslum við Evrópusamrunann og stöðu Íslands innan hans. Sér í lagi í dag þegar Íslendingar hafa sótt um aðild og standa í samningaviðræðum við Evrópusambandið. Þó umræðan snúist um margs konar efnahagslega hagsmuni og viðskipti er enn áberandi í umræðunni gamli frasinn að viðhalda því fullveldi sem Ísland hefur og ekki láta það í hendur erlendra aðila. Fyrstu nútímakennningar sem settar voru fram um fullveldi ríkja snerust um að fullveldi gangi út á alræði ríkisins en samkvæmt þeim er fullveldi Íslendinga löngu glatað. Aftur á móti má segja að ef fullveldi þýðir algert og sjálfstætt vald er staðreyndin sú að ekkert nútímaríki heimsins er fullvalda. Í þeim alþjóðavædda heimi sem við búum við í dag eru flest nútímaríki heimsins ekki fullvalda þar sem þau hafa þurft að beygja sig undir alþjóðasamninga og sáttmála sem hafa takmarkandi áhrif að fullveldi þeirra. Það virðist vera að enn þann daginn í dag kraumi undir niðri þær hugmyndir manna líkt og Jóns Aðils um varðveislu hins íslenska þjóðernis og fullveldis fyrir erlendum öflum. Þessar þjóðernis hugsanir hafa haft áhrif á íslensk stjórnsmál allt frá því að Íslendingar fengu fullveldi árið 1918 til dagsins í dag og hafa myndað mikinn trega í alþjóðasamskiptum. Aftur á móti virðist sem Íslendingar hafi þurft að fórna fullveldinu við undirritun EES samningsins en það var nauðsynlegt til að viðhalda sjálfstæði íslenska þjóðríkisins. Því staðreyndin er sú að ef Ísland hefði ekki aðgang að evrópskum mörkuðum stæði íslenskt efnahagslíf ekki undir sér og ef það myndi hrynja væri fullveldi þjóðarinnar lítils virði.⁵⁵

4.3 Umræða

Íslendingar eru afar uppteknir að því að varðveita fullveldið sitt. Þessi hugsun hefur sett strik í reikninginn þegar kemur að þátttöku landsins í alþjóðasamfélaginu og í samvinnu við aðrar þjóðir. Þær áherslur á frelsi þjóðarinnar og þjóðríkisins sem voru í hávegum hafðar á tímum sjálfstæðisbaráttunnar lifa enn góðu lífi í dag. Það er því óhætt að fullyrða að Íslendingar standa í sífelldri fullveldisbaráttu sem ekki sér fyrir endann á.

⁵⁴ Forsætisráðuneytið: Evrópunefnd, *Tengsl Íslands og Evrópusambandsins: skýrsla Evrópunefndar um samstarfið á vettvangi EES og Schengen og um álitæfni varðandi hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu* (Reykjavík: Forsætisráðuneytið, 2007), 30. og Eiríkur Bergmann, „*Hið huglæga sjálfstæði þjóðarinnar*“ *Áhrif þjóðernishugmynda á Evrópustefnu íslenskra stjórnvalda*, 177.

⁵⁵ Guðmundur Hálfðanarson, „Glatast fullveldið við inngöngu í Evrópusambandið“, *Ný staða Íslands í utanríkismálum: Tengsl við önnur Evrópulönd*, Ritstýrt af Silju Báru Ómarsdóttur, 131-132.

5. Niðurstöður

Í gegnum tíðina hafa komið fram ýmis konar ólíkar kenningar um orsök og afleiðingar þjóðernishyggju. Í þessari ritgerð hefur verið fjallað um kenningar Ernest Gellners og þær hugmyndir sem fram koma í mórernískum kenningum um þjóðernishyggju. Samkvæmt þeim kenningum eru þjóðir og þjóðríki afleiðingar sögulegrar nútímaþróunar. Gellner setur fram hugmyndir sínar um tímarofsþróun mannkynsins. Hann lýsir þannig efnahagslegri, menningarlegri og pólitískri þróun í stigvaxandi uppkomu þjóða. Fyrir Gellner er hægt að útskýra þjóðernishyggju á skynsamlegum grundvelli. Í tímarofskenningum sínum skiptir hann þróunarsögu mannkynsins niður í þrjú megin tímabil. Fyrsta tímabilið er tímabil veiðimanna og safnara, annað tímabilið er tímabil landbúnaðarsamfélagsins og þriðja tímabilið er tími hins iðnvædda nútímaríkis. Útgangspunktur Gellners er sá að á fyrstu tveimur stigum samfélagsþróunarinnar hafi einfaldlega ekki verið til staðar þær forsendur sem hann telur að þurfi svo þjóðernishyggja geti myndast. Hann vill meina að nútímaríkið og stjórnarform þess skapi þær aðstæður sem til þurfi. Þjóðernishyggja sé því fyrst og fremst reist á hugmyndafræði pólitískra stjórnareininga nútímaríkisins og þeirri stefnu sem þær boða. Nútímalegt samfélagsform mótast þau sterku sambönd sem myndast á milli einstaklinga innan ríkisins.

Samkvæmt Gellner er þjóðernishyggja því pólitísk skynsemiskenning sem rekur uppruna sinn til nútímaríkisins og bendir hann þar meðal annars á hlutverk þess til upplýsingar og menntunnar. Ríkið á stóran þátt í að móta stjórnarfar, trúarbrögð og menntun og það telur Gellner vera afar mikilvægan þátt í mótun og hugsun þjóða. Í mórernískum kenningum um þjóðernishyggju er tilfinningum og sögu ekki gefið mikið vægi. Nútímaríkið sér um að móta stjórnarfar, trúarbrögð og menntun og það telur Gellner vera afar mikilvæga þætti í mótun og hugsun þjóða og þar af leiðandi myndun þjóðernishugsana. Gellner blæs á þær hugmyndir sem fram hafa komið um náttúrulegt eðli þjóða þar sem ólíkt eðli og venjur þeirra eru náttúruleg fyrirbrigði sem myndast í sterku sambandi á milli fólksins og náttúrunnar. Þjóðernishyggja er mannum ekki eðlislæg.

Anthony D. Smith er einn helsti gagnrýnandi á mórernískar kenningar Gellners. Hann er höfuðþaur ethnískra kenninga sem halda því fram að nútímalegar þjóðir og þjóðernishyggja eigi þjóðfræðilegar og menningarlega rætur að rekja, langt aftur í tímann. Hann segir grundvöll þjóðarmenningar hafa mótast með samfélagsþróun sem hefur átt sér stað síðan á forn- og miðöldum. Hann vill meina að þjóðernishyggja í

nútímalegri skilgreiningu reki ekki sögu sína lengra en aftur til seinni hluta 18. aldar. Þá sækja þær lífsviðurværi sitt til fortíðarinnar og þeirra þjóðarforma sem þá voru í myndun. Þjóðir og þjóðernishyggja nútímans hafi síðan mótast eftir þeirra táknum, minningum og gildum. Hann hafnar ekki hugmyndum Gellners um að hægt sé að skipta þróun samfélagsins niður í ákveðin þrep en vill meina að tengsl séu á milli þessara tímaþrepa og þjóðernishyggjan hafi þróast á milli þeirra. Þjóðir og þjóðernishyggja byggja því fyrst og fremst á sögulegum ákvörðunum, enda eru þær byggðar á sjálfráða vilja manna. Þjóðin á sér mun sjálfstæðara líf og dýpri rætur heldur en módernistar vilja meina.

Við upphaf ritgerðarinnar var sett fram sú spurning hvort íslensk þjóðernishyggja hafi áhrif á stjórnarþætti íslenska ríkisins eða hvort nútímaríkið og stjórnarhættir þess móti þjóðernishyggju Íslendinga. Í raun og veru er þetta spurning um hvort kom á undan hænán eða eggíð? Hvort kom á undan þjóðernishyggjan eða nútímaríkið sem myndar síðan þjóðernishyggju?

Í ritgerðinni hefur saga Íslands verið rakin í grófum dráttum og var hún sett fram í því tímarofsformi sem Gellner setti sína kenningu fram í, um þróun þjóða. Fyrst var þjóðveldistíminn ræddur en sá tími hefur gjarnan verið kallaður gullöld Íslendinga. Í kjölfarið var talað um hið sérstaka einsleita bændasamfélag þar sem bændur voru nánast eina stéttin sem ríkti hér á landi frá endalokum þjóðveldistímans fram til loka 19. aldar. Að lokum var rætt um sjálfstæðisbaráttuna og hvernig hún leiddi íslensku þjóðina inn í iðnvæðinguna og nútímasamfélagslegt form. Þannig var kveikjan á þjóðernishyggjuhugmyndum rædd og áhrif þeirra rakin í gegnum söguna og inn í nútímasamfélagið. Að lokum voru áhrif þjóðernishyggju í íslensku nútímasamfélagi skoðuð og hvernig hugmyndir um varðveislu fullveldisins hafa haft áhrif á ákvörðunartöku íslenska ríkisins, meðal annars í alþjóðasamskiptum og Evrópusamrunanum.

Eftir að hafa litið á þessi þrjú ólíku tímabil Íslandssögunnar og skoðað þróun þjóðernishyggju og þjóðernishugmynda er óhætt að segja að þessi fyrirbæri séu þættir sem myndast í langtíma samfélagslegri þróun og tóku að myndast löngu fyrir tíma iðnbyltingarinnar og nútímaríkisins sem stendur á skjön við það sem Gellner heldur fram.

Líkt og Sigríður Matthíasdóttir heldur fram var mikil umbylting sem átt sér stað í þjóðernislegum hugsunarhætti um aldarmótin, á tímum sjálfstæðisbaráttunnar hér á landi. Á þessum tímum, þegar Íslendingar fengu heimastjórn árið 1904, fullveldi árið

1918 og síðan algert sjálfstæði árið 1944, áttu sér stað miklar framfarir og breytingar í þjóðernislegum hugsunum. Sigríður vill meina að þegar Íslendingar fengu sjálfstæði hafi þjóðernishyggjan og mótun hennar náð ákveðnum núllpunkti að nýju og upp frá þeim tíma þróuðust annars konar þjóðernishugmyndir sem einkenndust af varðvörslu fullveldisins og ótta um að missa sjálfstæðið að nýju til erlendra afla. Í þessu samhengi má segja að Gellner hafi rétt fyrir sér upp að vissu marki. Þjóðernishyggju hugmyndir breyttust verulega þegar þjóðin fékk sjálfstæði, tók upp stjórnarform nútímaríkis og tók á sig þá mynd sem enn er ríkjandi í okkar nútímasamfélagi. Aftur á móti má rekja kveikju þjóðernisstefnunar alla leið aftur til tíma upplýsingarinnar og frönsku stjórnarbyltingarinnar og þeirra erlendu áhrifa sem Íslendingar urðu fyrir þegar kom að lýðræðislegum hugmyndastraumum.

Saga og þróun nútímaríkja er eins misjöfn og ríkin eru mörg en þegar saga Íslands er skoðuð, líkt og gert hefur verið hér að ofan, má segja að Anthony D. Smith hafi haft ýmislegt fyrir sér um áhrif sögunnar á þjóðernishugmyndir nútímaríkja. Fyrir Smith er lærdómurinn sem við getum dregið af sögunni afar mikilvægur þegar kemur að lífsafkomu nútímaþjóða. Hann vill meina að grundvöllurinn fyrir þjóðarmenningunni sem er í dag, sé hluti þróunar sem hefur átt sér stað síðan á forn- og miðöldum. Þetta má glögg sjá þegar litið er til Evrópuumræðunnar í dag og hinnar eilífu baráttu Íslendinga um fullveldi þjóðarinnar.

Þegar kenning Gellners er skoðuð í íslensku samhengi má segja að hún sé ákveðnum takmörkunum háð. Tímarofshugmyndir Gellners eiga ekki við þróun íslenskrar þjóðernishyggju. Það má segja að tímarof sé ekki orð sem á við þar sem greinileg áhrif má sjá á milli tímabila í gegnum söguna. Þrátt fyrir að stjórnarhættir nútímaríkisins hafi vissulega áhrif á það hvernig þjóðernishyggja og þjóðernishugmyndir þróist og varðveitist í dag þá má draga þá ályktun að íslensk þjóðernishyggja hafi vissuleg haft áhrif á hvernig nútímaríkið hefur mótast. Í dag er enn vísað til tíma gullaldarinnar hér á landi fyrir 1262 og þá niðurníðslu sem þjóðin þurfti að ganga í gegnum á meðan landið sat undir erlendu valdi. Nauðsynlegt er þó að taka til greina að þrátt fyrir að mikið sé vísað til gullaldarinnar má spyrja sig að því hversu mikil raunveruleg áhrif þessi tími hafði á mótun nútímaríkisins. Þrátt fyrir að gjarnan sé litið til gullaldarinnar eru þeir stjórnarhættir sem þekkjast í dag hér á landi í megin dráttum af erlendri fyrirmynd. Það má því segja að hægt sé að gera greinarmun á annars vegar réttlætingu þess að vísa til gullaldarinnar og raunverulegum áhrifum sem þetta tímabil hafði á mótun ríkisins. Gjarnan er þó vísað til þessara þátta þegar rætt er um

Þáttöku landsins í alþjóðastofnunum og er þá varðveisla fullveldisins frá erlendum öflum ofarlega á baugi þar sem sjálfstæði þjóðarinnar og velferð hennar eru þættir sem oftar en ekki eru settir undir sama hatt.

Heimildaskrá

- Anthony D. Smith. *Nationalism: Theory, ideology, history*. Malden, Mass: Polity Press, 2001.
- Auðunn Arnórsson, Espen Barth Eide, Dag Harald Claes, Hanne Ulrichsen og Asle Toje. *Ísland og Evrópusambandið: EES, ESB- aðild eða „svissnesk lausn“?*. Reykjavík: Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, 2003.
- Birgir Hermannsson. *Understanding Nationalism- Studies in Icelandic Nationalism, 1800-2000*. Stockholm: Stockholm University, 2005.
- Eiríkur Bergmann. „*Hið huglæga sjálfstæði þjóðarinnar*“ *Áhrif þjóðernishugmynda á Evrópustefnu íslenskra stjórnvalda*. Reykjavík: Háskóli Íslands, stjórn málafræðideild, 2009.
- Ernest Gellner. *Plough, Sword and Book: The structure of human history*. Chicago: University of Chicago Press, 1989.
- Ernest Gellner. *Nations and Nationalism*. Oxford: Blackwell, 2006.
- Federick M. Barnard. *Herder's Social and Political Thought: From Enlightenment to Nationalism*. Oxford: Clarendon Press, 1967.
- Forsætisráðuneytið: Evrópunefnd. *Tengsl Íslands og Evrópusambandsins: skýrsla Evrópunefndar um samstarfið á vettvangi EES og Schengen og um álitaeftni varðandi hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu*. Reykjavík: Forsætisráðuneytið, 2007.
- Guðmundur Hálfðanarson. *Íslenska þjóðríkið: Uppruni og endimörk*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag: Reykjavíkur Akademían, 2001.
- Guðmundur Hálfðanarson. „Glatast fullveldið við inngöngu í Evrópusambandið“ í *Ný staða Íslands í utanríkismálum: Tengsl við önnur Evrópulönd*, ritstýrt af Silju Báru Ómarsdóttur, 123-124 og 131-132. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2007.
- Guðmundur Hálfðanarson. „Discussing Europe: Icelandic nationalism and European integration“, *Iceland and European Integration: On the edge*, ritstýrt af Baldri Þórhallssyni, 128. New York: Routledge, 2004.
- Gunnar Karlsson, „The Emergence of Nationalism in Iceland“ í *Ethnicity and Nation Building in the Nordic World*, ritstýrt af Sven Tägil, 53. London: Hurst, 1995.
- Graham Day og Andrew Thomson. *Theorizing nationalism*. New York: Palgrave Macmillan, 2004.
- Jón J. Aðils. *Íslenzkt þjóðerni: alþýðufyrirlestrar*. 2. útgáfa. Reykjavík: Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar, 1922.

Sigríður Matthíasdóttir. *Hinn eini sanni Íslendingur- þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900-1930*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2004.

Sigríður Matthíasdóttir, *Réttmæting þjóðernis: Samanburður á orðræðu Jóns Jónssonar Aðils og kenningum Johanns Gottlieb Fichtes*. Reykjavík, 1993.

Stefán Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson. *Hnattvæðing og þekkingarþjóðfélag: Ísland í breyttu þjóðfélagsumhverfi*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2005.

Netheimild

Heimasíða Forsætisráðuneytis Íslands. „Skýrsla: Heimastjórn 1904-2004.“ 2004.
http://www.forsætisraduneyti.is/media/Skyrslur/Heimastjorn_skyrsla.pdf (sótt 10. apríl 2011).